

## REGLUGJÖRÐ

87  
31. des.

um

## iðnaðarnám.

Samkvæmt lögum nr. 11, 31. maí 1927 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett eftirfarandi ákvæði.

## I. KAFLI.

*Um námstímann.*

Námstími iðnnema skal vera, sem hjer segir:

- a. 4½ ár í þessum iðngreinum: bókbandsiðn, gull- og silfursmíði, hita- og gaslagningu, ketil- og plötusmíði, leturgrefti, prentiðn og prentsetjaraiðn, rennismíði og úrsmíði.
- b. 4 ár: í bakaraiðn, beykisiðn, eir- og járnsmíði, feldskeraiðn, hárskera- og rakaraiðn, húsasmíði, húsgagnafóðrun, húsgagnasmíði, klæðaskurði, kökugerð, málaraiðn, múr- og steinsmíði, myndskurði, þjátursmíði, rafvirkjun, rafvjelavirkjun, reiðtýgja- og aktýgjasmíði, sjóklæðagerð, skipa- og bátasmíði, skósmíði, steyparaiðn, sútaraiðn, tágarið, vagnasmíði og vjelavirkjun.
- e. 3 ár fyrir: hárgreiðslukonur, hattara, kvenhattara, ljósmyndara, myndfaldara, netjara, saumakonur, seglsaumara, veggfóðrara og útvarpsvirkja.

## II. KAFLI.

*Um prófdómendur (prófnefnd) og próf.*

## 1. gr.

Þá er námstímanum er lokið, skal nemandi ljúka prófi til þess að öðlast sveinsbrjef, og skal hann þá snúa sjer til hlutaðeigandi lögreglustjóra (sbr. 8. gr.) og fá tilnefnda þrjá samiðnarmenn sem prófdómendur (prófnefnd). Til þess má aðeins skipa meistara og sveina, sem eru starfandi í iðninni. Prófnefnd skal skipuð til þriggja ára í senn. Hún velur sjálf formann.

Nú er skipaður prófnefndarmaður návenslaður eða skyldur iðnnema, er próf vill taka, eða hann er meistari hans, og skal hann þá ekki dæma um próf hans, heldur skal lögreglustjóri skipa annan mann í hans stað eftir sömu reglum, sem fyr segir.

**87** Aldrei mega tveir menn frá sama atvinnufyrirtæki vera próf-  
31. des. dómendur samtímis.

**2. gr.**

Prófið er bæði munnlegt og verklegt.

**3. gr.**

Með munnlegu prófi skal athuga þekkingu iðnnema í handbrögðum, er snerta iðn hans, og efnunum í iðn hans, og gildir það um allar iðngreinir. Ef meistara- og sveinafjelög hafa sett reglur um slík próf í sinni iðnaðargrein skal þessu fylgt.

**4. gr.**

Verklega prófið er ákveðið smíð eða verk, sbr. 5. gr., er sýni kunnáttu og handlægni nemandans í iðninni, og auk þess teikning, þar sem því verður við komið.

Skylt er að gera teikningu að verkinu í þessum iðngreinum: beykisiðn, bókbandi, eirsmíði, gull- og silfursmíði, húsa- og húsgagnasmíði, húsgagnafóðrun, járnsmíði, klæðaskurði, kókugerð, leturgrefti, málaraíðn, múrsmíði, myndaskurði, netjarið, þjátraraíðn, prentsetningu, rafvirkjun, rafvjelavirkjun, reiðtýgja- og aktýgjasmíði, renni-smíði, seglasaumi, skipasmíði, sjóklæðagerð, skósmíði, steinsmíði, steyparaíðn, tágarið, úrsmíði, útvarpsvirkjun, vagnasmíði og vjelavirkjun.

Hita- og gaslagningarmenn skulu sýna, að þeir skilji teikningar og geti unnið eftir þeim.

**5. gr.**

Prófnefnd ákveður í samráði við lærimeistara prófsefnið. Hún ákveður hve langan tíma nemandi fær til prófsins, og hvernig umsjón með því skuli hagað. Til leiðbeiningar fara hjer á eftir verkefni, sem hæf skulu teljast til prófs:

- 1. Bakarar og kóku-gerðarmenn.**
- a. Í bakaraíðn leysi nemandi af hendi undirbúning brauðgerðar, og sýni verklega kunnáttu í almenri brauðgerð, svo sem með því að gera betri tegund Vínarbrauða úr 2 lítrum efnis eftir eigin geðþótta, og segi til hve marga lítra efnis þurfi í nánar ákveðna tölu og tegund brauða.
  - b. Kókugerðarmenn skulu undirbúa og fullgera „hátíðarhorn“ úr möndludeigi, gera möndludeigskökur og rjómakökur (tertu), gera 5 kg. af blaðdeigi með 2 lítrum af vatni og búa til úr því brauðkollur (Postejer) og sniðtígla; og gera bestu tegund Vínarbrauða eftir eigin vild úr 2 lítrum.

Nemandi smíði:

- 1) tunnu sívala,
- 2) kút sporöskjulagaðan,
- 3) bala sporöskjulagaðan,
- 4) skipstunnu sívala.

Nemandi bindi 4 bækur 10 arka, 19 sm. að stærð. Skal ein vera í hálfklæddu línbandi, ein í alklæddu línbandi, ein í almennu skinnbandi með djúpri lögg og sljettum kili, og ein í vönduðu skinnbandi með djúpri lögg og upphleyptu bindi. Ennfremur bindi hann eina bók, 10 arkir að stærð, og 30 sm. í hálfskinnband með bogahornum saumuðum á bendla (nótnabókarband). Tvær af bókum þessum skulu vera með almennri gyllingu á kili.

3. Bók-  
bindarar.

Í þeim iðngreinum skal prófi háttað þannig:

- a. Fyrir eirsmíði: að beygja eirpípu, 5 sm. í þvermál, eða stærri, og smíða vatnsketil úr eirplötu með ákveiktum stút, og kúptu loki; að smíða pípusnígil í vatnshitara og kveikja stjettar á endana; að þynna eirplötu í pípubeygju. 20 sm. í þvermál, eða meira og kveikja saman samskeyti. Iðnnemi skal ennfremur sýna kunnáttu sína í að logsjóða, verði því við komið.
- b. Fyrir járnsmíði: að smíða 1) venjulegan sigurnagla í keðju (keðju-sveiflu), 2) togblökk með föstum botni, 3) stýrislykkju og krók á 30 smálesta vjelskip, 4) albeygða gálgagrímu með augabolta, 5) bátudreka með 5 klóm, 30—75 kg. þungan, 6) keðjulás, 5 hlekki í keðju og krók, hnúthyrnu og hnútlausu hyrnu á vörpuhlara.
- c. Fyrir rennismíði: að renna 1) þoll (Spindel) með vinstri- og hægri-laggar skrúfum, og tapparær á báða enda, 2) sveifarmöndul með tveimur sveifum fyrir hreyfivjel, tvöfalt hjámiðjuhjól (excentrisk Skive) á sveifarmöndul í eimvindu, 4) bullubolta með sköfu og gormi fyrir hreyfil, 5) hólk með venjulegum „Morsekonus“ utan og innan, 6) „Möllerups“ smurningstæki með snigilhjóli og snigli, 7) pallsveif fyrir bora með keiluhálsa, 8) tvöfalt þankefli (Rörvals) með skrúfaðan þoll, fyrir ketilpípur, 9) venjulega eimloku, og 10) venjulegan eimlás með þjettihylkjum. — Nemandi skal ennfremur látinn sýna kunnáttu sína í að renna, hefla og fræsa, smíða við eld og sverfa, svo og að hann hafi þekkingu á hersluaðferðum við stál og járn.

4. Eir- járn-  
og renni-  
smíðir.

Nemandi smíði:

- a. Úr gulli: 1) armband, 2) brjóstnál og 3) hálsmen.
- b. Úr silfri: 1) stökkabelti, 2) kofffur, 3) sykurker, 4) könnu, 5) bikar, og 6) kökuspaða.

5. Gull- og  
silfur-  
smíðir.

Nemandi á að liða hár, setja upp hár og vinna úr rothári, þvo hár, þurka og nudda hársvörð, bæði með höndum og rafmagni.

6. Hár-  
greiðslu-  
konur.

## 87

31. des.

## 7. Hárskerar og rakarar.

Nemandi skal sýna leikni sína í eftirfarandi atriðum:

**Klipping:** að klippa skift og uppstandandi hár með skærum og vjel, og að klippa skegg eftir því sem tiskan segir.

**Greiðsla:** að liða og greiða hár og skegg.

**Höfuðböð:** að þvo hár og þurka, að nudda hársvörð með höndum og rafmagni.

**Andlitsböð:** að nudda andlit með höndum og rafmagni.

**Rakstur:** að draga á og brýna hníf, bera sápu á, og raka mann. Skal einkum aðgætt, hvernig nemandi beitir hnífnum og hvernig hann stendur að verkinu.

## 8. Hattarar.

Nemandi skal gera: 1) venjulegan háan silkihatt, 2) vandaðan flókahatt, harðan eða linan.

## 9. Hita-leiðslu- og gaslagningamenn.

Í þessum iðngreinum skal nemandi inna þessi verk af hendi: Að setja upp baðker með blöndunaráhaldi, vatnssalerni og handlaug úr leir. Áhöld þessi þurfa ekki að vera í sama herbergi, og upphitun baðsins getur verið frá miðstöðvarofni, með gasi eða rafmagni. Leiðslur allar leggi nemandi frá grunni. Við handlaugina skal vera 1 $\frac{3}{4}$ " blývatnslás með hreinsitappa. Að beygja 90° tvíbeygju á 3" dregna járnþípu, samkvæmt uppgefnu máli og uppdrætti, er prófdómendur útvega, og skera skrúfur á annan endann. Að beygja í hálfhring 60 cm. langa 1 $\frac{1}{4}$ " blýþípu. Að þjetta með hampi og blýull eða brennisteini, samkeyti á lárjettri 4" steyptri járnþípu. Að kveikja saman blýþípur, blý- og eirþípur og zinkvarinn járnkraga við eirplötu. Kveikingarefnið sje  $\frac{2}{3}$  blý og  $\frac{1}{3}$  tin. Að smíða og herða handmeitil og múrbor af ákveðnum stærðum. Að sýna kunnáttu sína í miðstöðvarlagningu með því t. d. að tengja saman 4 miðstöðvarofna, er standa í hornum krossveggja með aðalþípu greyptri í vegg, og allar nauðsynlegar beygingar gerðar á sjálfar þípunar og leiðslur allar lagðar frá katli að ofnum. Að setja upp og leggja að 3 ofnum eða fleirum á sömu hæð og ketill er. Ekki þurfa lagningarnar allar að vera á sama stað, eða í sama húsi. Ekki má þjetta með þípum í gólfum eða veggjum fyr en prófdómendur hafa athugað verkið, og fullvissað sig um, að lögnin standi rjett og óþvinguð. Vilji nemandi einnig fá heimild til gaslagninga, skal hann enn fremur bora gat á götuleiðslu, og tengja hana við mæli, en þó má ekki fullgera tengslin, fyr en lögnin hefir staðið fullar 20 mínútur undir þjettiprófunartæki. Að leggja gasleiðslu með krónum frá grunnmúr að gassuðuvjel, grind eða baðdunk ásamt nauðsynlegum vatnsleiðslum, og skila tilbúnu til notkunar. Að slípa þjettan þolllás, og þjetta almennan lás, og gera við og stilla einn eða fleiri gasbrennara. Gaslagningarpróf má taka samtímis hinum eða síðar. Uppdráttur af lögnum, skal ávalt afhentur nemanda fyrir prófið.

1 $\frac{1}{2}$  ár af námstímanum eftir fyrsta námsárið skal nemandi vinna

við eldsmíði, rennismíði og algenga skrufstykkisvinnu, nema hann hafi unnið við járnsmíði eitt ár eða lengur, áður en hann byrjaði á þessu námi.

Nemandi skal smíða: 1) útidyráhurð járnaða með geirnegldri umgerð, spjöldum og rúðulistum, 2) heilan stiga, beinan eða snúinn, 3) hluta af geirapaki (Valme), 4) steypumót að *a*) þakbrún með strikum, *b*) súlu með fótstalli og hausum, *c*) handriði á svalir eða tröppur ásamt stólpa; strik og upphleypt spjöld sjeu sett á riðið, 5) skot-hurðir og koma þeim fyrir, 6) stofuhurð járnaða með spjöldum og geirnegldri umgerð, 7) ytri- og innriglugga þrisettan.

Nemandi skal troða og fódra setubekk með klæði, hægindastól með skinni eða skinnlíkingu; sauma og hengja upp dyratjöld með sveipum.

Nemandi skal smíða: 1) skrifborð úr eik eða mahogni og gljá-fægja það, 2) bókaskáp með skúffum og hurðum, 3) algengt hlaðborð (Buffet), 4) skatthol, gljáborið og gljáfægt, 5) kómóðu, gljáborna og gljáfægða.

Nemandi skal smíða: 1) botn í eimketil með stút fyrir glóðhólk utan við botnmiðjuna, 2) loftkút með kúptum botnum, öðrum hnoðuðum og „stemdum“, en hinum rafsoðnum, og rafsoðnum stútum; kúturinn standist 15 kg. vatnsþrýsting á hvern fersentímetra, 3) ketil með eldholi, og lóðrjettum reykþípum, reykhatti og öskustó, hæfilegan fyrir brauðgerðarhús. 4) dufl úr 6 mm. þykku plötujárni, 5) kúpta loftþípuhettu úr 2 mm. járnplötu, 6) loftbrúsa úr 6 mm. járnplötu, 7) oliukassa eftir ákveðnu sniði, 8) reykhatt úr járnplötu fyrir skipseldavjel. — Nemandi skal sýna leikni í að logskera, bæði með gasi og rafmagni.

a. Í klæðaskurði skal nemandi sníða og sauma: 1) venjuleg jakka-föt á karlmann, 2) kjólföt á karlmann handstungin, 3) viðhafnar stuttreyjuföt (smoking), 4) vetrarfrakka (ulster), hálfþóðraðan, og venjulegan frakka.

b. Í feldskurði skal nemandi: 1) sauma vandaða skinnhúfu með fódri og broti, 2) fódra frakka með feldum úr heilum skinnnum, og setja á hann skinnkraga, 3) sauma feldkápu úr 30 heilum skinnnum eða fleirum; nota skal aftursting við samsaum skinnanna, 4) sauma lausan loðkraga og loðstúku úr skunksskinnnum eða marðarskinnnum, og fódra hvorttveggja með rykkingum og skrautsaum. Í loðstúkunni skulu vera fleiri en eitt skinn, ef því verður við komið.

Þeir eiga að gera 1 vetrarhatt og 1 sumarhatt fyrir fullorðna, og 1 vetrarhatt og 1 sumarhatt fyrir börn, eftir tísku þess tíma, er prófið er tekið á. Nemandi velur sjálfur alt efni í hattana.

Nemandi skal handgrafa 4 mismunandi leturgerðir á ýmsa muni, innsigli (með eiginhandarskrift, skriflettri eða prentlettri), dyraspjöld,

87

31. des.

**10. Húsa-smiðir.****11. Hús-gagna-fóðrarar.****12. Hús-gagna-smiðir.****13. Ketil-og plötu-smiðir.****14. Klæðskerar og feldskerar.****15. Kvenhattarar.****16. Leturgrafarar.**

87 með lakki í stöfunum, og 3 stálstimpla, einn með lettri, annan með 31. des. mynd og þriðja með skrauti (ornament).

17. Ljós- myndarar. Nemandi skal taka myndir í myndastofu af mönnum og gömlum myndum, bæði við dagsljós og lampaljós; framleiða mynd á plötur; taka eftir plötum (kopiera) bæði á gasljóss- og dagsljóss-pappír; stækka mynd og fullgera; blælita ýmsar pappírstegundir og fullgera myndir. Heimilt er nemanda að leggja fram við prófið plötur og myndir frá námsárum sínum, sem hann sannanlega hefir gert sjálfur hjálparlaust, og er þá prófdómendum heimilt að taka tillit til þeirra við prófið.

18. Mál- ar. Nemandi skal teikna og mála skrautmynd á límliti; undirbúa og mála í oliuliti, og lakka óskygt eða gljáandi sömu grunnliti og í skrautmyndinni á trjeflöt, er sje  $70 \times 152$  sm.; undirbúa og marmaramála 2 tegundir af marmara með strikum milli umgerðar og flatar, og gljábera það á trjeflöt, sem sje  $70 \times 152$  sm.; undirbúa, mála og lakka kommóðu, skáp, skatthol eða snyrtiborð (toiletborð) og mála á það skrautmynd; undirbúa og mála eik og lakka á trjeflöt, er sje  $50 \times 100$  sm. Nemandi ræður lit og trjategund. Undirbúa, mála og lakka trjeflöt, er sje  $70 \times 152$  sm. að stærð, mála á hann 25 bókstafi, spjaldaletur og 10 tölustafi.

19. Múrar- ar og stein- smíðir. a. Í múrsmíði skal nemandi: 1) múra upp  $1\frac{1}{2}$  steins múr með eins steins bindingu, 1,88 m. langan og 1,25 m. háan; bindinguna og öll 4 horn hennar skal sljetthýða, 2) hlaða um dyr eða glugga- op og loka að ofan með hringboga, sporöskjuboga eða oddboga. Auk þess skal nemandi sýna leikni sína í að draga loftlista og skera saman horn, leggja gólf- og veggflisar, verði því við komið, og loks að blanda, leggja og binda járnsteinsteypu eftir upp- drætti.

b. Í steinmíði skal nemandi: 1) höggva og fullgera áttstrendan girð- ingarstöpul með strendan topp, 2) höggva og fullgera millistein í legstein með holboga umhverfis að ofan, 3) gera legstein með slípuðum og gljáðum framfleti og inngreyptum gyltum krossi.

20. Mynd- skerar. Nemandur skulu skera: 1) hurðarspjald, 2) spegilfald, 3) mynd- fald, 4) hillufjöl, 5) stól, 6) skáp, 7) setubekk, 8) rafmagnslampa.

21. Mynd- faldarar. Nemandur skulu falda ísaumað silki, strengt á spjald, í tvö- faldan fald, falda mynd strengda á gler, falda olíumynd festa í blind- fald. Prófdómendur velja myndir og falda.

22. Netjar. Nemandur eiga að gera líkingar (Model) af botnvörpu, að teikna og gera líkingu af síldarnót. Stærð líkinganna ákvarða próf- dómendur.

23. Þjátrar- ar. Nemandur skulu gera: 1) kaffikönnu lítratæka úr látúni eða eir, 2) þakglugga úr zinkjárn og þakrennu með horni, stút, niðurfalli, botns-

stút og rennuböndum, 3) ljósker á skip, 4) kökumót eða ísmót, 5) baðker úr zinki, 6) skjalaskrín úr eir, látúni eða zinki.

a. **P r e n t a r a r** skulu prenta hjálparlaust venjulega bókarörk í hraðpressu, ákveða hlutföll jaðra, síðuröðun, litarmagn og „tilrjettingu“; prenta sjálfstæða auglýsingu eða strikaform í „digel“-pressu; prenta mynd (autotypi) á góðan prentpappír.

b. **P r e n t s e t j a r a r** skulu setja og ljúka að fullu við sem svarar átta stunda verki af almennu lesmáli eftir algengu handriti, setja titil, auglýsingu, tækifærissljóð eða annað af meðalvandasömu tægi, og setja töflu, eða annað, er sjerstaklega reynir á þekkingu á leturstærðum.

a. **R a f v i r k j a r** skulu 1) leggja ljósalögn í tveggja hæða hús með 2 greinum og 10 lampastæðum með spjaldi og lömpum, samkvæmt teikningu, er nemandi hefir gert, ásamt kostnaðaráætlun, og greinargerð fyrir því, hversvegna ljósum er komið fyrir eins og sýnt er, 2) leggja vjelalögn fyrir 5 hestafla vjel, eða stærri, 3) „fasa“ riðstraum, eða rakstraum, með að minsta kosti 10 metra krókóttri lögn með spjaldi, ræsi, grunntengingu og samtengingu rafvjarinnar, við þá vjel, sem hún á að knýja eða er knúin af, t. a. m. gengið frá reim, ef reimdráttur er notaður. Lögnin skal framkvæmd eftir teikningu, spennutap reiknað, vör ákveðin og kostnaður allur sundurliðaður, 3) leggja 50 metra jarðstreng með tengihólkum á báðum endum og 2 greinhólkum, með að minsta kosti 10 kg. af lakki, bræddu á hvern hólk til jafnaðar, og skal strengurinn prófaður, og að leggja blýstrengslögn með ekki færri en 3 bræddum dósúsum; 4) að leggja ljósalögn frá spjaldi í vjelaskip, 20 smálestir að stærð, eða meira og setja upp alla lampa; 5) að setja upp króka og klukkur, draga út vír (10—35 qmm) og binda upp á einfaldri 1000 metra loftlínu, svo og að leggja eina heimtaug frá línunni í hús með innleiðslu í það; 6) að leggja hringingarlögn að öllu leyti með ekki færri en 5 tölum; 7) leggja innanhússíma fyrir 3 talfæri að öllu leyti og gera grein fyrir miðstöðinni.

b. **R a f v i r k j a r** skulu: 1) vefja snúð og sátur rafvjarlar, gera mælingar á vafi straumvendis, og gera grein fyrir árangrinum, reikna út og gera ræsi fyrir rafvjarlar; 2) prófa og gera við hraðrið (háfrequens) lækningatækis og útskýra það; 3) setja upp vjarlar í 10 hestafla olíuvjarlastöð, eða 10 hestafla vatnsaflsstöð með lágspennu, tengja spjöld fyrir vjarlar og útliggjandi línur; leggja allar lagnir í stöðinni og ganga svo frá öllu, að stöðin verði reynd í góðum gangi; 4) setja háspennutæki í 50 kw. spennistöð með straumrofa og teinrofa ásamt tengingu við spennu báðumegin, að tengja lágspennu-spjald fyrir útliggjandi línur, að grunntengja stöðina, að þurka

87

31. des.

24. Prentiðn.

25. Rafvirkjar, rafvjarlar, rafvjarlar og útvarpsvirkjar.

- 87  
31. des. eða hreinsa olíuna, svo að spennirinn geti starfað tryggilega; 5) ganga frá straumi og spennimælum á 500 kw. háspennustöð.
- c. *Útvarpsvirkjar* skulu setja saman útvarpstæki, hentugt til ákveðinnar notkunar og prófa það; setja upp útvarpstæki með loftneti og prófa það; gera grein fyrir byggingu tækisins, og fyrir því, að það henti þeim stað, sem það er sett á, eða þeirri notkun, sem því er ætluð.
26. Reið-  
týgja- og  
aktýgja-  
smiðir. Iðnnemi skal smíða: 1) venjulegan einfaldan hnakk, 2) járn-  
virkjahnakk ísaumaðan rósum, 3) spaðahnakk með lafapúðum, 4) kragaaktýgi, 5) kvensöðul.
27. Sauma-  
konur. Nemendur eiga að sauma: 1) kvenkápu og venjulegan kven-  
kjól, 2) kvenkápu og danskjól, 3) síðtreyju og pils (Dragt).
28. Segl-  
saumar. Nemendur eiga að sauma gaffalsegl á 60 smálesta skip eða  
stærra, með öllum rifgötum saumuðum (ekki „patentkósa“).
29. Sjó-  
klæðagerð-  
armenn. Nemendur eiga að sníða, sauma, bera í og þurka treyju, buxur  
og sjóhatt, og fullgera það að öllu leyti.
30. Skipa-  
og báta-  
smiðir. a. Í skipasmíði skal smíða: 1) Greypiás eða seglás, 2) mastur, 3) ljóra, 4) niðurgönguskýli, 5) lestarop með öllu, er því fylgir, 6) spjaldahurð með ásettum járnum og umgerð og í ákveðinn halla („smír“), 7) trjestýri á skip, járnað og að öllu fullgert og ásett, 8) alla trjesmíði á akkerisvindu, tvígenga, og með öllum járnum, 9) háglugga með umgerð (skylight), 10) setja stefni í skip eða bát, 11) smíða skammþilju, 30—40 fet, ásetta og festa á meginþiljur (Waterbord), 12) ytri klæðningu, 30—40 fet, og sje nokkur hluti hennar með beygju.
- b. Í bátasmíði skal smíða: 1) smábát, fjögurra manna far, 2, skipsbát á togara.
31. Skó-  
smiðir. Nemandi skal: 1) randsaumá karlmannsskó eða kvenskó að öllu leyti, 2) botna og sauma vatnstígvjel að öllu leyti, 3) sauma og botna klofstígvjel.
32. Steyp-  
arar. Nemendur eiga að móta einhvern samsettan hlut, búa til kjarna og leggja hann í mótið, blanda síðan málminn og steypa stykkið, og útskýra blöndun.
33. Sútar-  
ar. Nemendur eiga við prófið að rota, súta, strá eða kasa og fullgera eina húð, og tvö kálfskinn (sljett, rauðsútuð); að hvítsúta fjögur loðskinn, tvö af dilkum og tvö af öðrum dýrum (fínsútuð), og tvö álúnskinn (fínsútuð). Í munnlegu prófi skal nemandi gera grein fyrir sítunaraðferðum.
34. Tágarið. Í þeirri iðn á nemandi að gera körfu-hægindastól eða koffort úr grönnum tágum.
35. Úr-  
smiðir. Nemendur eiga að leysa af hendi: 1) að liðka „cylinder“-úr, fódra bæði botnhjólsgöt, renna sekúndu- eða ganghjólshreyfil, renna óróa



(„cylinder“) og setja í nýja óröafjöður, svo og að setja stein í sekúnduhjólstig, 2) að renna og setja í jafnvægisás (ballans-ás), 3) að smíða og setja í akkerisás með steinum, 4) að smíða og setja í uppdráttarás með áskrúfaðri krónu. **87**  
31. des.

Nemendur eiga að smíða: 1) framhjól á fjórhjólaða kerru og setja möndulinn í, 2) tvíhjólakerru að öllu leyti. Eitt ár af námstímanum skal nemandi vera við járnsmíði (eldsmíði). **36. Vagna-smíðir.**

Nemendur eiga að undirbúa súðarherbergi til málunar (strigaleggja og pappalíma); veggfóðra herbergi með kantskornu veggfóðri, sem prófdómendur ákveða; skreyta með veggfóðri og borðum eftir ákvæðum prófdómenda; dúkleggja snúinn stiga; dúkleggja herbergi. **37. Veggfóðrarar.**

Nemendur eiga: 1) að tinhýða leg, steypa í þau hvítmálm, fella þau á möndul og höggva olíurásir, svo og sverfa tening úr járneða eir, 2) að hita og beygja járnþúpur 50 mm. eða stærri eftir ákvæðnum máli, fyrir eim- eða vatnslögn í skip eða hús; að smíða venjulega þúputöng, 3) að smíða og sverfa færánlegan skrúflykil, 4) að setja saman, kveikja, sverfa og fullgera grind í karlmannsreiðhjól með tengihólkum utan eða innan, 5) að setja saman, kveikja og fullgera enska reiðhjólgrind (með styrktarkvísarpípu), 6) að smíða og sverfa færánlegan skrúfskera með skurðarjárnnum. **38. Vjelvirkjar.**

Þar sem mörg tölusettt verkefni eru tiltekin í sömu iðngrein, skal einungis velja eitt þeirra.

#### 6. gr.

Nú vill nemandi fá kenslu í einhverri iðngrein, sem ekki er nefnd hér að framan, og hæfur lærimeistari er fánlegur til þess að kenna þessa iðngrein, og getur hann þá að loknum námstíma leyst af hendi prófsmíð eftir þeim reglum, sem prófdómendur ákveða í samráði við samiðnarmenn.

#### 7. gr.

Nú vill nemandi vinna annað verk eða gera annan grip, en hjer er talið að framan, og er þá prófnefnd heimilt að leyfa það, ef hún telur það sýna eins mikla kunnáttu nemanda í iðn sinni, og lærimeistari hans lýsir yfir því, að nemandi kunni einnig að gera það verk, er prófnefnd hafði ákveðið.

#### 8. gr.

Sveinspróf skal haldið tvisvar á ári, í mars—apríl og septbr.—oktbr. í lögsagnarumdæmi þess meistara, er nemandi var síðast hjá.

**87** Sá skal greiða kostnað við prófið, er fær sveinssmíðina (sveinsstykk-  
31. des. ið), en að öðrum kosti greiðist hann að jöfnu af meistara og nemanda.

9. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur í hvert sinn skipað eftirlitsmann við prófin af hálfu hins opinbera. Sje slíkur eftirlitsmaður skipaður, skal hann sjá um undirbúning prófs, og að nemandi vinni verkið sjálfur án nokkurrar aðstoðar.

10. gr.

Þar sem eftirlitsmaður telur ekki ástæðu til að hafa sjerstakan prófstað, skal meistarinn sjá nemanda fyrir verkstæði og verkfærum við prófið, er metið sje gilt af prófdómendum og eftirlitsmanni.

11. gr.

Þar sem iðnskóli er á staðnum, skal nemandi, áður en próf byrjar, senda vottorð frá skólanum um, að hann hafi stundað þar nám, en annarsstaðar vottorð um teiknikenslu, þar sem hennar þarf með. Náms- samning skal leggja fyrir prófdómendur, áður en próf byrjar.

12. gr.

Lögreglustjóri hefir bók, er í skal rita skýrslu um öll sveins- próf, sem haldin eru í hans lögsagnarumdæmi; skal þar tilfært nafn nemanda, fæðingardagur hans, ár og staður, nöfn foreldra hans og atvinna, námstími og iðn; nafn og heimili lærimeistara, svo og einkunn- ir, sem nemandi fær við prófið. Skal prófbókin undirskrifuð af próf- dómendum og eftirlitsmanni, hvort sem nemandi hefir staðist próf eða ekki.

13. gr.

Óheimilt er að taka mann til sveinsprófs, sem ekki hefir skrif- legan námssamning, áritaðan af lögreglustjóra, og vottorð meistara um, að hann hafi lokið námi sínu samkvæmt samningi, svo og önnur tilskilin vottorð.

14. gr.

Óheimilt er nemanda að byrja á verki við prófsmíð, fyr en próf- dómendur hafa samþykkt verkstæði eða vinnustað prófsins, teikningar, þar sem þeirra er krafist, og annan undirbúning undir það; ákveðið hvenær verkið skuli byrja og því vera lokið, og fullvissað sig um, að nemandi sje við því búinn að inna verkið af hendi.

Eftir að próf er byrjað, ber prófdómendum að hafa eftirlit með

framkvæmd verksins eftir þörfum og ástæðum, og er þeim í því skyni **87**  
heimill aðgangur að öllu því, er lýtur að verkinu. 31. des.

15. gr.

Þegar því verður við komið, skal verkið (sveinsstykkið) ásamt teikningum haft almenningi til sýnis nokkra daga eftir að það er fullgert.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur atvinnumálaráðuneytið leyft að halda sveinspróf á öðrum tímum en þeim, sem að framan getur.

17. gr.

Þessar einkunnir skal gefa við prófið: ágætlega, prýðilega, dável, vel, laklega og illa; skal sjerstök einkunn gefin fyrir verkið í heild sinni, og sjerstök fyrir teikningu og fyrir munnlegt próf. Ekki má láta neinn fá sveinsbrjef, sem fær „illa“ í einhverri einkunn, eða „laklega“ í aðaleinkunn.

18. gr.

Lögreglustjóri leggur til eyðublöð undir sveinsbrjefið; skal það hljóða sem hjer segir:

SVEINSBRJEF

handa

.....  
(nafn)

.....  
(iðn)

fædd.... í .....

hinn ..... lærði ..... iðn hjá

.....  
alls ..... ár, samkvæmt lögum nr. 11, 31. maí 1927 um iðnaðar-  
nám, og reglugjörð þar um.

Undirrituð prófnefnd í ..... skipuð .....

hefir látið ..... gera .....

..... sem próf ..... til

þess að sýna kunnáttu ..... í iðninni, og auk þess prófað .....

munnlega í eftirfarandi atriðum:

.....  
.....

87  
31. des.

Við prófið hefir ..... fengið þessar einkunnir:  
Í prófefninu: .....  
- munnlegu: .....  
- teikningu: .....

Aðaleinkunn við iðnpróf:

..... hefir ..... og  
..... hefir ekki stundað nám í iðnskóla ..... en  
lært að teikna .....  
Við burtfararpróf úr skólanum fjekk ..... þessar einkunnir:  
bekkjarpróf

Í teikningu: .....  
- reikningi: .....  
- íslensku: .....  
- burðarpólsfræði: .....  
- efnisfræði: .....  
- kostnaðaráætlun og bókfærslu: .....  
- ástundun: .....

Aðaleinkunn:

Þar sem ..... þannig hefir sýnt, að ..... full-  
nægir þeim kröfum, sem gera verður til útlærðs .....  
lýsum vjer yfir því, að ..... bera þau rjettindi, er sveinar í  
þeirri iðn hafa lögum samkvæmt.

..... (staður) ..... (dagur)

formaður prófnefndar.

.....  
prófnefndarmaður.

.....  
prófnefndarmaður.

Ofanritað sveinsbrjef er gefið út af löglega skipaðri prófnefnd,  
og tilfærðar einkunnir eru samhljóða prófbókum hjeradsins og nefnds  
skóla. —

Þetta vottast hjermeð.

.....  
lögreglustjóri (hreppstjóri).

.....  
skólastjóri.

Þetta birtist hjermeð til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu og samgöngumálaráðuneytið, 31. desember 1928.*

Tryggvi Þórhallsson.

.....  
*Vigfús Einarsson.*